

Mál nr. 44/2006
M og
Vátryggingafélagið V h.f. v. A og B

Árestur bifreiða á Strandgötu á Akureyri þ. 24.12.2005

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 6.3.2006. ásamt yfirlitsmynd af vettvangi og teikningu
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr.35/06.
3. Tjónaskýrsla dags. 24.12.2005.
4. Yfirlýsing (H) ódags.
5. Yfirlýsing (I) dags. 29.12.2005.
6. Yfirlýsing (A) ódags.
7. Yfirlýsing (S) ódags.

Málsatvik.

A og B óku eftir Strandgötunni á Akureyri á gatnamótum við Geislagötu varð árestur með bifreiðunum þegar A ók inn í vinstri hlið B. Ökumaður A segist hafa verið að keyra að umferðarljósum og hafi B verið að koma hægra megin við A og hafi hann þá ekið inn í bílstjórastöð B en B hafi ekki gefið stefnuljós í umrætt sinn. Ökumaður B segist hafa verið að koma af Strandgötunni og verið að bíða eftir bíl sem hafi komið á móti en síðan verið að fara að beygja þegar A hafi komið og ekið á B og ekið eins og hann væri að fara fram úr og hafi ökumaður A gefið í til að reyna að komast fram úr B. Farþegi í B ber með sama hætti og ökumaður B og sama kemur fram í yfirlýsingu (H). Í yfirlýsingu (S) segir að A hafi verið að aka að ljósum og það sé ekki rétt að ökumaður A hafi verið að taka fram úr B í umrætt sinn.

Álit.

Að teknu tilliti til framburða ökumanna, afstöðuteikningar á tjónstilkynningu, yfirlýsinga sem liggja frammi í málinu og annarra gagna sem lögð hafa verið fram, verður ekki annað séð en að A hafi í umrætt sinn ekið óvarlega. Gögn málsins benda til að B hafi í umrætt sinn verið á undan A að gatnamótunum og þeim framburði ökumanns B að hún hafi þurft að bíða eftir bíl sem á móti kom áður en hún gat beygt hefur ekki verið hnekkð. Öll sök er því lögð á A.

Niðurstaða.

A ber alla sök.

Reykjavík . 28.3.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.